

109
22. sept.

GJALDSKRÁ

Fiskræktarfélagi Þingvallavatns.

Mjóanes	12,0%	Kaldárhöfði	3,5%
Þingvellir	7,5—	Heiðarbær	4,5—
Skógarkot	4,0—	Heiðarbær	4,5—
Kárastaðir	6,0—	Úlfjótswatn	3,5—
Nesjavellir	7,0—	Villingavatn	3,5—
Ölfusvatn	5,0—	Arnarfell	5,0—
Miðfell	5,0—	Vatnskot	5,0—
Skálabrekka	4,5—	Krókur	3,5—
Hagavík	4,5—	Sandey	2,5—
Nesjar	5,5—	Brúsastaðir	3,5—
			100,0%

Gjaldskrá þessi gildir til næstu 5 ára.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. september 1938.

Hermann Jónasson.

Páll Palmason.

110
27. sept. **Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóns Baldvinssonar forseta“,** útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 27. september 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Baldvinssonar forseta.

1. gr.

Alþýðuflokkurinn hefir stofnað sjóð, sem nefnist „Minningarsjóður Jóns Baldvinssonar forseta“.

Stofnfé sjóðsins eru framlög að upphæð kr. 1000.00 frá Hinu íslenska prentarafélagi, frá verkakvinnafélaginu Framsókn kr. 500.00 og frá Bókbindarafélagi Reykjavíkur kr. 100.00, samtals kr. 1600.00.

Sjóðinn skal ávaxta í Útvegsbanka Íslands h.f.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja unga og efnilega Alþýðuflokksmenn og konur til utanfarar, sérstaklega Norðurlanda, til náms þess, sem má verða alþýðuhreyfingunni og jafnaðarstefnunni á Íslandi til eflingar.